

Eftirfarandi skilmálar auk almennra skilmála VISA kreditkorta gilda um gjafakort Sparisjóðsins:

1. Aðilar skilmála

- a. Kaupandi: Sá aðili sem kaupir gjafakortið og leggur inn á það ráðstöfunarfé.
- b. Handhafi: Sá aðili sem er notandi/þiggjandi gjafakortsins og ritar nafn sitt á bakhlið þess.
- c. Útgefandi: Útgefandi gjafakorta Sparisjóðsins er Sparisjóðurinn.
- d. Söluaðili: Þeir rekstraraðilar sem hafa heimild til að taka við greiðslum með VISA greiðslukortum.

2. Samþykki skilmála

- a. Með kaupum á gjafakorti Sparisjóðsins samþykkir kaupandi skilmála þessa.
- b. Með fyrstu notkun á gjafakorti Sparisjóðsins samþykkir handhafi skilmála þessa auk almennra skilmála VISA greiðslukorta.
- c. Í eftirfarandi skilmálum felast fyrst og fremst sérákvæði vegna gjafakorta en að öðru leyti gilda almennir skilmálar VISA greiðslukorta.

3. Réttihafi gjafakorts og undirskrift

- a. Gjafakortið er hefðbundið VISA greiðslukort og mun afgreiðslufólk söluaðila bera saman undirskrift á bakhlið kortsins við undirskrift notanda þess.
- b. Handhafi skal rita nafn sitt aftan á kortið fyrir fyrstu notkun þess.
- c. Aðeins handhafi hefur rétt til notkunar gjafakortsins. Það telst til kortamisnotkunnar ef annar aðili reynir að greiða með gjafakortinu.

4. Notkun og ábyrgð

- a. Gjafakortið er fyrirframgreitt greiðslukort. Heimilt er að leggja einu sinni inn á kortið, að hámarki 100.000 kr. Þegar inneignin klárast er kortið ónýtt og skal handhafi eyðileggja það.
- b. Gjafakortið má nota til að greiða fyrir vörur og þjónustu hjá söluaðilum sem taka á móti VISA greiðslukortum. Ekki er hægt nota kortið til úttektar hjá gjaldkerum í banka eða í hraðbönkum.
- c. Handhafi ber ábyrgð á notkun kortsins, bæði gagnvart söluaðilum og útgefanda.
- d. Útgefandi ber ekki ábyrgð á tjóni eða óhagræði sem handhafi getur orðið fyrir ef kortinu er hafnað sem greiðslu fyrir vöru eða þjónustu hjá söluaðila. Þá ber útgefandi enga ábyrgð ef upp kemur ágreiningur á milli korthafa og söluaðila vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem greitt er fyrir með gjafakortinu, svo sem ef um gallaða eða ófullnægjandi vöru eða þjónustu er að ræða.

5. Gildistími gjafakorts og endurútgáfa

- a. Gjafakortið er með ákveðinn gildistíma og er hann að finna á framhlið kortsins
- b. Að gildistíma liðnum hefur kaupandi eða handhafi kortsins þrjá mánuði til að fá eftirstöðvar þess endurútfenar á nýtt kort sem greiða þarf fyrir skv. gjaldskrá. Ekki er hægt að fá eftirstöðvar greiddar út hjá gjaldkera.
- c. Ef gildistími korts rennur út og ekki er óskað endurútgáfu innan þriggja mánaða eru eftirstöðvar kortsins glataðar fyrir kaupanda og handhafa kortsins.
- d. Ef óskað er endurútgáfu eftirstöðva er gefið út nýtt gjafakort og þarf að greiða fyrir útgáfu þess samkvæmt verðskrá útgefanda.
- e. Sýna þarf fram á réttmæti endurútgáfu með sannanlegum hætti. Með sannanlegum hætti er átt við a) framvísun kortsins þar sem sjá má gildistíma þess og undirskrift korthafa, eða b) kvittun fyrir kaupum kortsins þar sem annað hvort kemur fram númer kortsins eða staðfestingarnúmer kaupa.

6. Endurútgáfa glataðs gjafakorts

- a. Handhafi skal tilkynna glatað kort til Sparisjóðsins eða utan opnunartíma í þjónustuver VALITOR í síma 525-2000, svo hægt sé að loka fyrir frekari notkun þess. Handhafi ber alla ábyrgð á innstæðu kortsins þangað til það er tilkynnt glatað.
- b. Til þess að unnt sé að loka kortinu þarf að gefa upp kortanúmer gjafakortsins eða staðfestingarnúmer kaupa sem finna má á kvittun fyrir kaupum kortsins. Án þessara númera er ekki hægt að loka glötuðu korti og eru eftirstöðvar þess þá glataðar fyrir kaupanda og handhafa þess.
- c. Hafi glötuðu korti verið lokað er hægt að fá eftirstöðvar þess endurútfenar á nýtt kort í samræmi við lið 5a hér að ofan.